

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 7. mars 2001 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásatúns, Hrunamannahreppi (Heiðabyggð).

Breytingin á deiliskipulaginu hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 17. apríl 2001.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

11. apríl 2001

Nr. 321

SAMÞYKKT

um umgengi og þrífnað utan húss á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bílhuta, bílflök, skipsskrokka o.s.frv.

3. gr.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, bílhæ og þess háttar á lóðum þannig að það snúi að almannaferi. Lóðir sem notaðar eru til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum, sem samþykktir eru af byggingafulltrúa.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum stæðum sem samþykkt hafa verið af byggingaryfirvöldum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki vinnuvélar eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur eða á almannaferi. Heimilt er að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörðun t.d. með álímingarmiða.

6. gr.

Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis á svæðum sbr. 5. gr. að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.